



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Stríð í heimalandinu hefur sett mikið strík í reikninginn hjá honum. Hann hefur ákveðið að fara til nágrennaríkis Úkraínu til að hjálpa til við móttöku flóttafólks.

Hann er að aðstoða fjölskyldumeðlimi sína að finna sér húsaskjól í Evrópu og að reyna að fá einhverja til Íslands.

Hann er kvíðinn og hræddur um fjölskyldu sína og vini í Úkraínu og hefur átt erfitt með svefn. Af þessum sökum hefur hann ekki getað sinnt starfi sínu sem skyldi og það leggst þungt á hann.

MARKO

LAGERSTARFSMAÐUR

ALDUR 45

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Úkraínskur

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Giftur, tveggja barna faðir. Flutti fyrst hingað til að vinna og konan hans kom síðar.

STARF/FERILL Hefur unnið ýmis verkamannastörf á Íslandi og hefur núna unnið sem lagerstarfsmaður í nokkur ár.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Kvíðinn og hræddur um fólkið sitt. Hann sveiflast á milli depurðar og reiði og finnst hann vera bæði hjálparlaus og gagnslaus hérna meðan fjölskylda hans er í hættu og gamlir bekkjarfélagar hans deyja á vígvellinum.
- Honum finnst hann vera að svíkja vinnuveitanda sinn með því að fara út en hann upplifir samt skilning á aðstæðum sínum frá bæði vinnuveitanda og samstarfsfólki.

HVATNING

- Helsti hvati hans í vinnunni er skilningur og traust á vinnustaðnum.
- Hann er búinn að vinna þarna lengi og hefur ávallt mætt til vinnu og sinnt sínu starfi vel.
- Hann er vel liðinn í vinnu og nýtur trausts sinna yfirmanna, sem hann treystir líka.
- Á hinn bóginn rennur honum blóðið til skyldunnar þegar ættingjar hans eru að flýja stríðsátök.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Vinnan getur oft á tíðum verið mjög erfið þar sem það er ávallt mikið að gera. Stór verkefni eru framundan og því finnst honum erfitt að fara frá en hann finnur fyrir skyldu gagnvart heimalandinu sínu og ættingjum að gera það sem hann getur.
- Samstarfsfólk hans þarf að taka að sér meiri vinnu þar sem hann er að fara en það virðist enginn vera full yfir því og flestir tilbúnir að gera það sem þeir geta.

Spurningar stjórnanda

- Hvernig eigum við að tækla þessar erfiðu aðstæður í hans lífi?
- Hvernig skráum við þetta í kerfið?
- Hvað getum við gert til að koma til móts við Marko?
- Hvaða fordæmi setjum við?
- Eru þetta ekki fordæmalausar aðstæður?
- Hvað með kostnað?
- Þarf að ráða einhvern í staðinn?

Spurningar samstarfsfólks

- Hvernig ætli honum líði í þessum aðstæðum?
- Hvernig myndi mér líða?
- Þurfum við að hafa áhyggjur af því að sjá hann aldrei aftur?
- Kemur hann til baka?
- Hvað getum við gert til að sýna honum stuðning?
- Hvað getum við hlaupið í skarðið fyrir hann lengi?



Spurningar einstaklingsins

- Held ég vinnunni?
- Hef ég rétt á því að fara í burtu í þessum aðstæðum, og þá hvað lengi?
- Tek ég þetta sem launalaust leyfi, sumarfrí eða veikindi?
- Get ég tekið út sumarfrisdaga næsta árs fyrirfram?
- Verður samstarfsfólk mitt pirrað við mig? Fæ ég allan þann skilning og stuðning sem ég þarf?
- Þarf ég að hafa áhyggjur af fjármálum?

Spurningar stefnumótenda

- Gerir stefna fyrirtækisins á einhvern hátt ráð fyrir svona aðstæðum?
- Er hægt að fella þetta undir samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs á einhvern hátt?
- Er það ekki frekar langt seilst?
- Hvaða skyldum höfum við að gegna gagnvart okkar starfsfólki?
 - Lagalega? Siðferðislega?

